

Flóahreppur/Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Ellisif Malmo Bjarnadóttir
Þingborg
801 Selfoss

Garðabær, 31. júlí 2024
Málsnúmer: 202407-0025
IAS

Efni: Hjálmholt og Áshildarmýri, vatnsból og vatnsverndarsvæði. Lýsing (breyting á aðalskipulagi).

Vísað er í erindi frá Flóahreppi, dagsettu 11. júlí 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna skipulagslýsingar vegna breytingar á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029 og Skeiða og Gnúpverjahrepps 2017-2029.

Sett er fram skipulagslýsing fyrir breytingu á Aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2017-2029 og Aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Með breytingunni verður sett inn nýtt vatnsból í Áshildarmýri í Flóahreppi og vatnsverndarsvæði sem nær til beggja sveitarfélaga. Borað hefur verið eftir vatni á staðnum og er vatnsbólið í notkun.

Vatnsbólið er í Áshildarmýri í Flóahreppi, skammt sunnan sveitarfélagamarka við Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Vatn úr vatnsbólinu er nýtt fyrir íbúðar- og frístundabyggð í Áshildarmýri. Svæðið er nokkuð flatt, mosavaxið hraun. Vegslóði liggur frá frístundabyggðinni í Áshildarmýri að litlu dæluhúsi við borholuna. Ekki er gert ráð fyrir að stefna í breyttu skipulagi hafi áhrif á jarðmyndanir eða gróður.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Skipulagssvæðið er á nútímahrauni, sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013. Um er að ræða Þjórsárhraun sem er metið einstakt á landsvísu, jafnvel á heimsvísu sem eitt mesta hraun jarðar runnið eftir ísöld. Hraunið hefur hátt vísindagildi. Víða er hraunið þakið jarðvegi og gróðri eða yngri hraunum og þess vegna eru ekki margir staðir á Suðurlandi þar sem yfirborð Þjórsárhraunsins er eins greinilegt og það er undir sunnan- og austanverðu Hestfjalli. Vegna sérstöðu Þjórsárhrauns telur Náttúrufræðistofnun mikilvægt að varðveita yfirborð hraunsins eins og kostur er á þeim svæðum þar sem það er óraskað.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

